

Minnisblað

Höfundur: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Viðtakandi: Bæjarráð



Vesturbyggð 6. mars 2024
Málsnúmer: 2403004 ÞSS

Samantekt um umsóknir til Fiskeldissjóðs á árinu 2024

Fjöldi umsókna: 8
Heildar fjárhæð umsókna: kr. 207.184.000,-

1. Nýbygging leik- og grunnskóla á Bíldudal

Heildarkostnaður 2024: kr. 201.286.000,- (frumkostnaðarmat, enn í vinnslu)

Sótt um: kr. 150.000.000,-

Lýsing:

Byggður verður nýr leik- og grunnskóli á Bíldudal, til þess að koma í stað tímabundinna úrræða í grunnskóla vegna myglu og raka í húsnæði skólans og óviðunandi húsnæðis í leikskóla. Gert er ráð fyrir húsnæði sem rúmar um 20% aukningu nemenda og starfsfólks.

Áætlað er að taka húsnæðið í notkun haustið 2025. Um verður að ræða einingarhús. Fyrri helmingur ársins verður nýttur til jarðvinnu auk þess sem platan verður steyp. Gengið verður frá kaupum á einingahúsi og það reist seinni hluta árs.

Markmið:

Húsnæðið kemur til með uppfylla skilyrði nútímalegs skólahúsnæði, hvort heldur sem er litið til nemenda eða starfsfólks. Áætlað er að gera viðbyggingu þegar frekari fjólsfjölgun verður, sem verður hluti af hönnunarferli húsnæðisins.

Verkefnið hefur mikil jákvæð áhrif á samfélagið og þróun þess. Leik- og grunnskóli verður í takt við nútímann og því til mikils að vinna. Fagleg umgjörð utan um uppeldis- og menntun barna okkar skiptir öll máli þegar hugað er að búsetu.

2. Endurnýjun skólalóðar Patreksskóla

Heildarkostnaður: kr. 61.000.000,-

Sótt um: kr. 41.000.000,-

Lýsing:

Nemendur Patreksskóla unnu tillögur að nýrri skólalóð. Lóðin þarfnast mikillar endurnýjar, fá tæki eru til staðar og skortur á afþreyingu nemenda. Hönnuðir tóku við hugmyndum nemenda og unnu í samráði við skólastjóra og starfsfólk sveitarfélagsins.

Sumarið 2024 verður unnið í hluta lóðarinnar. Leiktækjum verður fjölgað, svæðum til afþreyingar, aðgengismál bætt og lóðin gerð litríkari og meira lifandi.

Markmið:

Markmið verkefnisins er tvíþætt.

- Annars vegar að nemendur hafi næga afþreyingu í frímínútum á skólatíma. Afþreyingu sem felur í sér líkamlega hreyfingu og leiki með skólafélögum, sem er mikilvægur þáttur

í þroska hvers barns. Með breytingunum er jafnframt verið að auka öryggi nemenda við leik, þar sem lögð er áhersla á að notaðar séu viðunandi fallvarnir.

- Hins vegar að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að skólanum, Bókasafni Vesturbyggðar og Tónlistarskóla Vesturbyggðar sem jafnframt hafa aðsetur í húsnæði Patrekskóla.

3. Rannsóknarrými, Verbúð

Heildarkostnaður: kr. 7.175.000,-

Sótt um: kr. 7.175.000,-

Lýsing:

Vesturbyggð stefnir að því að búa til aðstöðu til beinna rannsókna og nýsköpunar í húsnæði á hafnarsvæðinu sem sveitarfélagið á. Áætlið er að verkinu ljúki í sumar. Í umsókn þessari er sótt um styrk til að útbúa aðstöðuna í Verbúðinni m.t.t. þarfa rannsóknar- og eftirlitsaðila.

Rannsóknarrýmið mun auka og bæta aðstæður fyrir samfélag sérfræðinga sem hluta af uppbyggingu Vatneyrarbúð, þekkingasetri. Verkefnið samrýmist áherslum sjóðsins, með fjölbreytileika starfa, aðstöðu til náms og nýsköpunar sem mun stuðla að jákvæðri íbúapróun og atvinnutækifærum.

Markmið:

Undanfarin ár hefur staðið yfir endurbygging Vatneyrarbúðar á Patreksfirði sem mun m.a. hýsa Þekkingasetur fiskeldis. Í Vatneyrarbúðinni verður byggð upp aðstaða sérfræðinga og háskólanema til skrifstofuvinnu. Sótt er sérstaklega um styrk vegna þess hluta verkefnisins.

Í Verbúðinni verður sett upp rannsóknarrými til grunnrannsókna og undirbúningu sýna fyrir frekari rannsóknir. Aðstaðan mun auka getu eftirlitsaðila til að greina sýni og undirbúa.

4. Vatneyrarbúð, þekkingarsetur

Heildarkostnaður: kr. 5.828.000,-

Sótt um: kr. 5.828.000,-

Lýsing:

Húsnæði Vatneyrarbúðarinnar er tilbúið til þess að útbúa aðstöðu fyrir Vatneyrarbúð, þekkingasetur. Vinnustaður á 21. öld sem býður upp á starfsumhverfi fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Setrið hýsir jafnframt Þekkingarsetur fiskeldis. Verkefnið samrýmist áherslum Fiskelsissjóðs með að auka fjölbreytileika starfa, koma upp aðstöðu til náms og nýsköpunar og mun stuðla að jákvæðri íbúapróun og fjölgun atvinnutækifæra. Stefnt er að því að fjölga störfum fyrir háskólamenntað fólk til að auka fjölbreytni starfa og fjölgar kvenlægum störfum með stofnun Vatneyrarbúðar, þekkingarseturs. Vatneyrarbúðin verður auk þess samkomustaður, staður þekkingar og umræðna.

Markmið:

Megintilgangurinn er að auka fjölbreytileika starfa og skapa kjöraðstæður til að auka nýsköpun á sunnanverðum Vestfjörðum, stað þar sem ólíkir aðilar koma saman og geta skapað ný tækifæri. Með Vatneyrarbúð þekkingasetri verða sérfræðistörf og störf fyrir háskólamenntað fólk sýnilegri. Vettvangur fræðslu, umræðna og þekkingar.

Unnið er í samræmi við áherslur Byggðaáætlunar, með því að skapa aðstæður þar sem starfsfólk ólíkra aðila geta unnið við góðar aðstæður. Innan þekkingarsetursins verður kjörin aðstaða fyrir fólk sem vinnur störf án staðsetningar til lengri eða skemmri tíma.

5. Bætt aðgengi ferðamanna, tjaldsvæði Patreksfirði

Heildarkostnaður: kr. 19.750.000,-

Sótt um: kr. 19.750.000,-

Lýsing:

Vesturbyggð stefnir á bæta aðstöðu fyrir ferðamenn með stækkun á hreinlætisaðstöðu við tjaldsvæðið á Patreksfirði í vor með kaupum á útisalernum með sturtum. Aðstaðan mun bæta þjónustu Vesturbyggðar við ferðamenn til muna og dreifa álægi á núverandi tjaldsvæðisaðstöðu. Bætt aðstaða tjaldsvæðinu fjölgar ferðamönnum og eftirspurn eftir annarri þjónustu á svæðinu.

Markmið:

Vesturbyggð vonast með þessu að geta þjónustað þann aukna gestafjölda sem síðustu ár hefur komið vestur. Sú aðstaða sem um ræðir eru tvær sturtur og tvö salerni. Með þeim hætti sem um ræðir hér skapast aðstaða til að gestir komist í sturtu án þess að loka á notkun á salerni á sama tíma þar sem sturtusvæði og salerni verða aðskilin.

Aukin eftirspurn ferðamanna eftir þjónustu bætir rekstrargrundvöll þjónustuveitenda í sveitarfélaginu og þar með þjónustuframboð fyrir íbúa.

6. Söfnunarsvæði úrgangs í dreifbýli

Heildarkostnaður: kr. 11.800.000,-, 4 söfnunarsvæði

Sótt um: kr. 6.000.000,-

Lýsing:

Vesturbyggð vinnur að því að lagfæra söfnunarsvæði úrgangs og gera söfnun í dreifbýli á þeim stöðum sem ferðafólk, bændur og atvinnustarfsemi, m.a. athafnasvæði sjókvíaeldis, er stundað. Söfnunarsvæði eru einnig á fáfarnari svæðum, þannig að flokkun og endur nýting nái alls sveitarfélagsins. Verkefnið snýst því um að kaupa og setja upp flokkunarílát fyrir úrgang á gámapöllum í dreifbýli sem og að fegra umhverfi þeirra.

Markmið:

Með betri söfnunarsvæðum úrgangs og flokkunarílátum á snyrtilegra svæði má áætla að umgengni verði betri. Með vel merktum flokkunarílátum má einnig ætla að sem mest af þeim úrgangi sem safnast í dreifbýli verði rétt flokkaður og fari í endurnýtingarflokka. Því meiri úrgangur sem fer í endurnýtingarflokk þeim mun umhverfisvænni er úrgangssöfnun sveitarfélagsins sem er í samræmi við stefnu stjórnvalda.

7. Rafmagns vinnubíll fyrir þjónustumiðstöð og vinnuskóla

Heildarkostnaður: kr. 5.390.000,-

Sótt um: kr. 5.390.000,-

Lýsing:

Kaup á rafmagns vinnubíl fyrir þjónustumiðstöð sveitarfélags sem jafnframt verður nýttur fyrir vinnuskólann. Kaupin eru í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum sem og í orkuskiptamálum.

Markmið:

Með kaupum á rafmagns vinnubíl væri hægt að takmarka notkun á stærri jarðefnaeldsneytis bíl enn meir en nú er gert og því um umhverfisvænni fjárfestingu að ræða.

Við viljum að unga fólkið okkar öðlist frá fyrsta vinnudegi virðingu fyrir vinnustaðnum, umhverfinu, öryggi og þeim sem þar vinna og því verður metnaður okkar sem sjáum um vinnustaðinn, þar sem fyrsta starfsvitund þessa unga fólks mótast, að vera til staðar.

8. Varmadæla fyrir sundlaugina í Bröttuhlíð á Patreksfirði

Heildarkostnaður: kr. 15.760.000,-

Sótt um: kr. 13.000.000,-

Lýsing:

Uppsetning varmadælu við sundlaugina Bröttuhlíð á Patreksfirði. Um er að ræða varmadælu þar sem rafmagn er notað til að hita upp vatn. Mikill orkuskortur er á Vestfjörðum og olía oft nýtt til hitunar vatns. Því er mikilvægt að leita leiða til að minnka notkun rafmagns á svæðinu, bæði er um að ræða umhverfislegan og efnahagslegan ávinning .

Markmið:

Markmið sveitarfélagsins er að halda uppi þjónustustigi við íbúa og sundkennslu í grunnskólum. Sundlaugin er bæði suðupottur menningar í samfélaginu og heilsueflandi og hefur því mjög jákvæð áhrif á samfélagið.

Að geta verið með upphitaða sundlaug sem krefst minna rafmagns en við núverandi aðstæður og því um umhverfisvænni upphitun er að ræða sem og lækkun rekstrarkostnaðar. Með minni rekstrarkostnaði er hægt að nota það fjármagn sem sparast, þegar stofnkostnaður hefur verið greiddur, til annarra mikilvægra verkefna í þágu íbúa.